

7. og 8. varaforseti Alþingis
Steinunn Þóra Árnadóttir alþingismaður
Haraldur Benediktsson alþingismaður
Alþingi
Reykjavík

Reykjavík 3. maí 2019

Við fögnum því að með bréfum yðar til undirritaðra alþingismanna hvors um sig dags. 15. apríl 2019 er staðfest af hálfu forsetisnefndar, eftir rannsókn nefndarinnar á gögnum málsins, að hvorugur okkar lét sér neitt ámælisvert um munn fara á veitingahúsinu Klaustri 20. nóvember sl.

Gögn málsins staðfesta að hvor um sig sýndi frumkvæði og fordæmi að því að styðja siðareglurnar í verki, sbr. h-lið 1. mgr. 5. gr. siðareglina. Með vísan til stafliða a-e í bréfi yðar liggja fyrir skýr dæmi um athugasemdir. Þannig má t.d. nefna viðurkenningarorð í garð nafngreindis fólks af hálfu KGH í d-lið og ÓÍ í a-lið. Uppritun sýnir fleiri dæmi. Síðan fórum við af staðnum.

Almennt virðist mega segja að ekki liggur fyrir að svo komnu máli hvort umræður um einstaka liði teljist varða við siðareglur. Sýnist sjálfstætt úrlausnarefni hvort umræður í einstökum liðum hefðu getað kallað á athugasemdir af okkar hálfu, að teknu tilliti til þess hvort við vorum yfirlöguð viðstaddir í þeirri andrá og þess að þeir sem þarna voru töldu sig þátttakendur í einkasamtali. Vegna b-liðar lítum við svo á að þar hafi átt sér stað frásögn af nánar tilgreindum atvikum. Við lögðum engan dóm á þá frásögn. Vegna e-liðar tökum við fram að okkur er báðum kunnugt um að tiltekinn maður hefur legið undir ámæli fyrir ósæmilega framkomu við fyrrum eiginkonu sína. Hvorugur skildi ummælin á þann veg að í þeim fælist réttlæting á hátterni umrædds manns eða að gert væri lítið úr alvarleika málsins.

Okkur er ekki ljóst hvaða athugasemdir forsetisnefnd gæti talið að umræður í liðum a-e hefðu getað kallað á af okkar hálfu umfram þær sem við gerðum í orði og með því að fara af staðnum. Kjósi forsetisnefnd að skýra þetta nánar munum við að sjálfsögðu bregðast við því.

Vefur Alþingis staðfestir að við höfðum hvor um sig, þennan dag og á fyrri stigum umræðu, lokið virkri þátttöku í umræðum um helsta mál á dagskrá Alþingis þennan dag, 2. umræðu um fjárlagafrumvarp fyrir 2019.

Ekkert kemur fram í gögnum málsins annað en við höfum í öllu okkar hátterni við umrætt tækifæri sýnt Alþingi, stöðu þess og störfum virðingu, sbr. 7. gr. siðareglina.


Karl Gauti Hjaltason
8. þm. Suðurkjördæmis


Ólafur Ísliefsson
10. þm. Reykjavíkurkjördæmis norður